



FUNDARGERÐ 498. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 4. júní 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Samskipti á milli funda

Stjórn hélt vinnufund stjórnar á Grand hótél þriðjudaginn 28. maí.

2. Endurskoðun gjaldskrár

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ferli við ákvörðun reglubundinna gjaldskrárbreytinga.

3. Málefni endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir málefnum endurvinnslustöðva og stöðu hönnunar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram að vinna að fullnaðarhönnun húss fyrir endurvinnslustöðina við Lambhagaveg, til dæmis kosti þess að byggja að fullu yfir endurvinnslustöðina við Lambhagaveg. Slíkt er líklegt til að auka aðgengi íbúa að henni, sérstaklega þegar horft er til veðurfars.“

4. Endurnot á textíl

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir minnisblaði um fyrirhugaðar aðgerðir til að stuðla að auknum endurnotum á textíl.

Stjórn þakkar fyrir minnisblaðið og samþykkir þá nálgun sem lögð er til í því.



5. Samningar um endurvinnslu- og grenndarstöðvar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu samnings um endurvinnslu- og grenndarstöðvar. Framkvæmdastjóri segir þörf fyrir að gera breytingar á samningunum, meðal annars til að rúma textílsöfnun á grenndarstöðvum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa þær breytingar sem þörf er á til að samningar um endurvinnslu- og grenndarstöðvar taki til textílsöfnunar og annarra breytinga sem hafa orðið.

6. Starfsáætlun stjórnar lögð fram til samþykktar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að starfsáætlun stjórnar.

Stjórn samþykkir framlagða starfsáætlun.

7. Siða- og starfsreglur SORPU bs. – umboð til endurbóta vegna athugasemda frá innri endurskoðun

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þörf á endurskoðun siða- og starfsreglna SORPU.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

8. Aðalfundur SORPU bs. – ákvörðun um dagsetningu

Lagt er til að aðalfundur SORPU verði haldinn 20. júní næstkomandi.

Stjórn samþykkir tillöguna.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

10. Önnur mál

Stjórn veur máls á mikilli ásókn í gáma Góða hirðisins. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að leigja fleiri gáma til að mæta þeirri ásókn

Framkvæmdastjóri veur athygli stjórnar á stöðu Kjósarhrepps vegna svæðisáætlunar og upplýsir um að gerður verði viðauki við svæðisáætlun Suðvesturlands sem fellir Kjósarhrepp undir áætlunina.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 18. júní.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:22.

Skýrsla framkvæmdastjóra

4. júní 2024



Þátttaka SORPU og
Góða hirðisins í
Innovation week

Viltu moltu?

Moltudreifing til íbúa á
höfuðborgarsvæðinu



SORPA




Breiðhella

SORPA tók þátt í fræðsludegi hjá Grasagarðinum





30. maí 2024 / Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

| Eftirtektarverður samdráttur í urðun á höfuðborgarsvæðinu skilar umtalsverðum samdrætti í losun



Hari

Reikna má með að aðgerðir SORPU síðustu misseri til að draga úr urðun úrgangs í Álfsnesi muni í heild sinni verða til þess að draga úr árlegri losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands um allt að 73.500 tonn CO₂-ígilda á næstu 10-15 árum. Þetta kemur fram í minnisblaði sem Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, lagði fyrir ríkisstjórn.

Samdrátturinn jafnast á við að taka tæplega 37.000 fólksbíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti af götum landsins, eða sem samsvarar nærri öllum orkuskiptum fólksbílaflotans sem orðið hefur hér á landi á undanförunum árum. Þá jafngildir samdrátturinn sparnaði upp á allt að 7,5 m.kr. á ári við kaup á kolefniseiningum, ef miðað er við verðið sem ríkissjóður greiddi fyrir slíkar einingar í fyrra.

Textílsöfnun hefst





Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar SORPU

Efni: Endurnot á textíl

3. júní 2024

Endurnot á textíl

Samantekt

- SORPU ber, fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, að hámarka endurnot
- SORPA vill leita leiða til að stuðla að auknum endurnotum í samstarfi við einkaaðila
- SORPA áætlar að stuðla megi að auknum endurnotum með auknu aðgengi að textíl

Minnisblað

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi svokölluð hringrásarlög, sem breyttu meðal annars lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í þeim var sveitarfélagum meðal annars falin ábyrgð á söfnun og meðhöndlun á textíl.

SORPA mun innan skamms taka fyrir hönd eigenda sinna að sér þessar skyldur, með söfnun á textíl á grenndarstöðvum og endurvinnslustöðvum, vinnslu textíls og útflutning til endurnota, endurvinnslu og ábyrgrar afsetningar, sbr. ákvörðun stjórnar á fundi 492.

Framkvæmdastjóra var á sama fundi stjórnar falið að vinna að auknum innlendum endurnotum á textíl. Sú vinna hefur leitt af sér innihald minnisblaðs þessa.

Endurnot á textíl

Endurnot á textíl eru að mati SORPU fyrst og fremst tvíþætt. Þau eru annars vegar á hendi einkaaðila þar sem almenningur selur textíl á loppumörkuðum, samfélagsmiðlum og eftir fleiri leiðum. Þessum markaði hefur vaxið ásmegin undanfarin ár og vonar SORPA að hann vaxi enn frekar.

Ef þessi sala gengur ekki eftir lætur almenningur textíl í hendur SORPU, sem hefur þá skyldu samkvæmt 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, að koma úrgangi eins hátt í úrgangspríhyrningnum og mögulegt er. Fyrir ýmsa flokka úrgangs, svo sem nytjahluti og textíl, er það flokkur endurnota.

Til að stuðla að þessum endurnotum leggur SORPA til að ráðast í neðangreindar aðgerðir. Sú fyrsta er, samkvæmt samningi við SSH og með fjármunum í gegnum þann samning, að koma á fót heildsölu fyrir textíl á lager Góða hirðisins. Útfærsla þessarar aðgerðar felst fyrst og fremst í því að lítill hluti textílgáma af endurvinnslustöðvum verða teknir inn í húsnæði Góða hirðisins við Köllunarklettsveg. Textíllinn verður þar grófflokkaður og boðinn til sölu til smásala í heildsölu. Hluti verkefnisins er að



áætla hversu miklum textíl megi koma í endurnot með þessari aðgerð og því of snemmt að áætla hver árangur af verkefninu gæti orðið.

Önnur aðgerð sem er til skoðunar hjá SORPU er að bjóða textílgáma í heilu lagi til sölu. Einkaaðilar gætu þannig keypt gáma með tveimur til fjórum tonnum af óflokkuðum textíl á kostnaðarverði og flokkað úr verðmætan textíl til sölu eftir sínum leiðum. Í þriðja lagi mun SORPA bjóða til opins samstarfsfundar með aðilum sem kunna að hafa áhuga á að nýta þann textíl sem SORPA safnar.

SORPA mun, eins og fram hefur komið, áfram tryggja að Rauði krossinn, sem hingað til hefur borið uppi textílsöfnun og -endurnot á höfuðborgarsvæðinu, hafi aðgengi að textíl til að selja í sínum verslunum.

Samandregin niðurstaða

Í minnisblaði þessu er gerð grein fyrir stöðu endurnota á textíl innan og utan SORPU. Til að stuðla að auknum endurnotum á textíl mun SORPA koma upp heildsölu fyrir textíl til smásala, og kanna áhuga á kaupum einkaaðila á textílgámum í heilu lagi með óflokkuðum textíl til sölu.

Reykjavík, 3. júní 2024

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar SORPU bs.

Efni: Endurskoðun starfs- og siðareglna stjórnar

3. júní 2024

Endurskoðun starfs- og siðareglna stjórnar

Lagt er til að framkvæmdastjóra verið falið að vinna drög að uppfærðum starfs- og siðareglum stjórnar.

Við innri endurskoðun SORPU bs. hafa verið gerðar athugasemdir við að ýmis skjöl sem varða stjórnarhætti samlagsins hafi ekki verið endurskoðaðar og uppfærðar.

Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar SORPU voru síðast útgefnar í október 2016 og hafa þær ekki verið uppfærðar síðan. Í skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2023 er sértaklega bent á að starfsreglurnar samræmist ekki ríkjandi skipulagi. Þá er bent á að endurskoðunarákvæði vanti í reglurnar.

Í starfsreglum eru ítarlegir kaflar um ráðningarsamning framkvæmdastjóra og skyldur framkvæmdastjóra, en ákvæði um þessar skyldur eru bæði í stofnsamþykkt og eigendastefnu auk þess sem eðlilegra er að kveða á um skyldur starfsmanna í ráðningarsamning en ekki í starfsreglum stjórnar.

Mælt er með því að starfsreglur stjórnar séu einfaldaðar og taki mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.

Siðareglur stjórnar

Siðareglur stjórnar SORPU bs. voru samþykktar í nóvember 2014 og hafa ekki verið endurskoðaðar síðan. Siðareglurnar ber að taka til umræðna við upphaf hvers kjörtímabils en samkvæmt fundargerðum stjórnar má sjá að þessu ákvæði hefur ekki verið fylgt eftir.

SORPU bs., sem byggðasamlagi, lýtur ákvæðum sveitarstjórnarlaga ber að setja sér siðareglur sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Gildandi siðareglur eru að öllum líkindum byggðar á formi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem þær eru nánast samhljóða siðareglum sem sett voru í sveitarfélögum á þessum tíma. Þær bera þess merki að hafa ekki verið samdar sérstaklega fyrir SORPU bs. þar sem talað er um kjörna fulltrúa en ekki stjórnarmenn.

Þá eru siðareglurnar settar fram sem reglur sem hægt er að framfylgja en siðareglur eiga fyrst og fremst að vera leiðarljós þeirra sem í sitja í stjórn og endurspegla þau gildi stjórnin starfar eftir.

Reykjavíkurborg hefur þegar endurskoðað siðareglur sínar til samræmis við ofangreint og endurskoðun stendur yfir í Mosfellsbæ og Kópavogi.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar SORPU bs.

Efni: Starfsáætlun stjórnar

3. júní 2024

Starfsáætlun stjórnar

Meðfylgjandi starfsáætlun hefur verið unnin með tillit til þeirra verkefna stjórnar sem skilgreind eru í stofnsamþykktum og eigendastefnu. Drög að starfsáætluninni voru kynntar á stjórnarfundum þann 20. febrúar 2024:

Dagsetning	Dagskrá
Janúar	Fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Árangursmat stjórnar
	Starfið á milli funda
	Skýrsla innri endurskoðunar
febrúar	Starfsáætlun
	Fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Ársskýrsla Áhættunefndar
mars	Fundargerði stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Ársuppgjör
	Skýrsla ytri endurskoðunar
	Aðalfundur
	Skýrsla v/ innri endurskoðunar
apríl	Fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Starfsáætlun endurskoðunarnefndar
maí	Fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Árshlutauppgjör
júní	Fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
júlí	Frí



ágúst	Fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Árshlutauppgjör
	Forsendur fjárhagsáætlunar
	Skýrsla frá áhættunefnd
september	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
október	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Ársfundur
	Fjárhagsáætlun
nóvember	fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Árshlutauppgjör
desember	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Starfsáætlun endurskoðunarnefndar

Lagt er til að stjórn samþykki fyrirbyggjandi starfsáætlun.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Siðareglur stjórnar SORPU bs.

Markmið og skilgreining

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín í stjórn SORPU bs.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum og starfsreglum stjórnar SORPU bs, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna SORPU bs. Þeir skulu í störfum sínum og í umræðu um málefni SORPU bs. stuðla að og viðhafa orð og athafnir sem samrýmast góðum mannlegum samskiptum.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn SORPU bs.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina á hverju þær eru byggðar. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart íbúum höfuðborgarsvæðisins í heild og svara fyrirspurnum almennings og fjölmiðla um störf sín með rökstuðningi fyrir aðgerðum eða starfsemi þjónustu sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar í stjórn SORPU bs.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi SORPU bs. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa í stjórn og starfsmanna SORPU bs. virðingu.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir SORPU bs. lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptavinum eða þeim sem leita eftir eða veita SORPU bs. þjónustu. Í störfum sínum skal kjörinn fulltrúi forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilega fyrirgreiðslu.

Upplýsingagjöf og trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum og eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á fundum stjórnar SORPU bs, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

HA
20
SF
MA
KIAS

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna SORPU bs. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúa á beinan eða óbeinan hátt til hugsanlegs ávinnings, né heldur aðila nátingdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

Stöðuveitingar

Kjörinn fulltrúi skal ekki gera neitt sem veitir honum sjálfum starfslegan ávinning í framtíðinni eftir að hann hefur látið af störfum sem kjörinn fulltrúi.

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá SORPU bs. á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks, aðildarsveitarfélaga og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki SORPU bs, eigendum SORPU bs, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu SORPU bs. og annan þann hátt sem stjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í stjórn SORPU bs. við upphaf hvers kjörtímabils stjórnar.

Samþykkt á fundi stjórnar SORPU bs.,

Reykjavík 7. nóvember 2014

Þráttur Þayfi
Stúlkastr. Arður Gunnarsson
Jóna Arnardóttir
Kantaleið
Guðrún S.
Ólafsteinn Látnar

Dagsetning	Dagskrá
Janúar	Fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Árangursmat stjórnar
	Starfið á milli funda
	Skýrsla innri endurskoðunar
febrúar	Starfsáætlun
	Fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Ársskýrsla Áhættunefndar
mars	Fundargerði stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Ársuppgjör
	Skýrsla ytri endurskoðunar
	Aðalfundur
	Skýrsla v/ innri endurskoðunar
apríl	Fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Starfsáætlun endurskoðunarnefndar
maí	Fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Árshlutauppgjör
júní	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
júlí	Frí
ágúst	Fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Árshlutauppgjör
	Forsendur fjárhagsáætlunar
	Skýrsla frá áhættunefnd
september	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
október	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Ársfundur
	Fjárhagsáætlun
nóvember	fundargerð stjórnar
	Skýrsla framkvæmdastjóra
	Starfið á milli funda
	Árshlutauppgjör

desember	fundargerð stjórnar
	Starfið á milli funda
	Starfsáætlun endurskoðunarnefndar

|

SORPA bs. er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutföll koma fram í stofnsamningi frá 1. janúar 2007.

Starfsreglur stjórnar byggja á stofnsamningi SORPU bs. /eigendastefnu og fjalla nánar um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnar, verkaskiptingu stjórnar og samskipti hennar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

Skipting starfa innan stjórnar og kjör stjórnarmanna

- Í stjórn SORPU bs. sitja fulltrúar eigenda eins og þeir eru kosnir á hverjum tíma, til tveggja ára í senn.
- Fulltrúar í stjórn SORPU geta á sama tíma ekki gengt stjórnunarstörfum hjá samlaginu.
- Atkvæðavægi stjórnarmanna er í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélags hinn 1. desember árið á undan.
- Fulltrúar sveitarfélaganna skiptast á um að gegna formennsku stjórnar.

Verksvið stjórnar

- Annast stefnumótun fyrirtækisins og sjá til þess að henni sé fylgt.
- Samþykkja fjárhagsáætlun og starfsáætlun þar sem markmiðum í rekstri og þjónustustigi er lýst. Fjárhagsáætlun hvers árs skal vera innan þess ramma sem aðildarsveitarfélögin hafa staðfest í þriggja ára áætlun.
- Samþykkja árlega fimm ára áætlun um rekstur, fjárfestingu og fjármál. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins og skal hún send aðildarsveitarfélögunum.
- Hafa eftirlit með rekstri fyrirtækisins og sjá um að lögum, reglugerðum, samþykktum og markaðri stefnu fyrirtækisins sé fylgt. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð.
- Ráða framkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör hans, staðfesta skipurit, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining.

Talsmaður stjórnar og ýmsar skyldur stjórnarmanna

- Stjórnarformaður kemur fram fyrir hönd stjórnar SORPU bs. en framkvæmdastjóri fyrirtækisins er talsmaður SORPU bs.
- Árangursrík stjórnunarstörf krefjast þekkingar á starfsemi SORPU bs. Sérhver stjórnarmaður verður að hafa tíma til að sinna stjórnunarstörfum sínum í þágu fyrirtækisins og rækta skyldur sínar sem stjórnarmaður.
- Stjórnarmenn þurfa að hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um meðhöndlun úrgangs sbr lög nr 55 / 2003, verkefnum byggðasamlagsins samkvæmt stofnsamning og starfsemi fyrirtækisins í heild.
- Stjórnarmenn skulu óska eftir og kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þarf til að hafa fullan skilning á rekstri byggðasamlagsins og til að taka upplýstar ákvarðanir.
- Stjórnarmenn þurfa að tryggja að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- Stjórnarmenn eiga að stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.

sp
R
26
BTD
KGP
LIAS

- Stjórnarmenn eru fulltrúar SORPU fyrir hönd síns sveitarfélags og bera ábyrgð á að upplýsa sitt sveitarfélag um málefni SORPU hverju sinni.

Fundir og boðun þeirra

- Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þörf krefur, en stefnt skal að því að þeir verði ekki haldnir sjaldnar en mánaðarlega. Árlega skal lögð fram starfsáætlun sem hefur að geyma áætlun fyrir reglubundna fundi stjórnar.
- Stjórnarformaður semur dagskrá stjórnarfunda og boðar til stjórnarfunda í samráði við framkvæmdastjóra.
- Leitast skal við að senda stjórnarmönnum fundargögn, sem viðhengi með fundarboði eða boðsent, minnst tveimur dögum fyrir fund eða svo fljótt sem auðið er.
- Stjórnarformaður yfirfer árlega með stjórn og framkvæmdastjóra, framsetningu þeirra skriflegu upplýsinga sem stjórnin fær frá framkvæmdastjóra um rekstur samlagsins og fjárhagsstöðu. Það sé gert til að ganga úr skugga um að stjórnin fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti rækt skyldur sínar skv. starfsreglum þessum, samþykktum samlagsins og lögum.
- Formanni er skylt að boða til fundar ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.
- Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins.

Lögmæti ályktanna og fundarstjórn

- Til að stjórn sé ályktunarhæf þurfa allir stjórnarmenn að hafa fengið fundarboð í samræmi við ákvæði hér að framan. Stjórnin er eigi ákvörðunarber nema fulltrúar $\frac{3}{4}$ hlutar atkvæðavægis séu mætti á fundinn.
- Stjórnarformaður stýrir fundum.
- Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélagsins hinn 1. desember árið á undan.
- Til að eftirfarandi ákvarðanir öðlists gildi; er varða rekstrarkostnaðarskiptingu, meiriháttar fjárfestingar, stofnun eða þátttöku í dótturfélögum, breytingar á gjaldskrá eða breytingar á þjónustustigi, þarf samþykki $\frac{3}{4}$ hlutar atkvæða í stjórn, þó aldrei færri en þriggja sveitarfélaga.
- Stjórnarmanni ber að tryggja að skoðanir hans tengdar einstökum málum séu skráðar í fundargerð sé hann ósáttur við ákvarðanatöku meirihluta stjórnar.
- Stjórnarmenn eiga að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og byggðasamlagsins.
- Ef ákvarðanir stjórnar varða málefni einstakra stjórnarmanna, t.a.m. samningsgerð milli samlagsins og þeirra, er rétt að slíkar ákvarðanir séu teknar af öðrum stjórnarmönnum félagsins og að viðkomandi stjórnarmaður viki af stjórnarfundum á meðan stjórnin tekur afstöðu til slíkra málefna. Stjórnarmaður skal upplýsa það um leið og málefni af þessu tagi koma upp og skal það fært í fundargerð.

SP
 STA
 LVA
 KGH

Fundargerðir

- Formaður sér um að gerðabók sé færð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Í fundargerðabók skal hver færsla gefa til kynna hvernig atkvæði féllu, hvaða mál voru á dagskrá, hvaða ákvarðanir voru teknar og hvað gestir sátu undir hverjum dagskrárlið.
- Fundargerð er borin upp til samþykktar og undirrituð í lok hvers fundar.

Um stjórnarformann

- Stjórnarformaður ber ábyrgð á að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.
- Stjórnarformaður skal tryggja að stjórn fái ávallt nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar, markmiðum og starfsemi SORPU.
- Stjórnarformaður leitist við að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti varðandi stjórnir fyrirtækja, t.a.m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð.
- Stjórnarformaður á að taka frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnar.
- Stjórnarformaður tryggir að stjórnin meti árlega störf sín.
- Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir samlagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra

- Stjórn ræður framkvæmdastjóra til samlagsins og gerir við hann ráðningarsamning og veitir honum lausn frá störfum.
- Ráðningarsamningur skal vera skriflegur og vistaður með öðrum mikilvægum skjölum samlagsins.

Um framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri skal fara með daglega stjórn SORPU bs. í umboði stjórnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið.
- Hin daglega stjórn tekur ekki til ráðstafanna sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn SORPU tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna samlagsins sé með tryggu hætti.
- Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um rekstrarleg málefni sem ekki falla undir ákvörðunarvald annarra samkvæmt lögum, samþykktum byggðasamlagsins eða starfsreglum stjórnar.
- Framkvæmdastjóri hefur frumkvæði að mörkun stefnu í málefnum samlagsins
- Framkvæmdastjóri gerir tillögur um prókúru-umboð til stjórnar fyrirtækisins. Hafi framkvæmdastjóri prókúru-umboð, annast hann samningagerð fyrir hönd samlagsins sem fellur innan umboðsins.
- Á reglubundnum stjórnarfundum gerir framkvæmdastjóri grein fyrir rekstri, og starfsemi fyrirtækisins og framvindu ákvarðana stjórnar eftir því sem við á.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the number 379 and initials like LVS and LGS.

- Framkvæmdastjóri getur kallað aðra starfsmenn inn á fund til kynningar á einstökum þáttum í starfseminni.
- Framkvæmdastjóri tekur þátt í stjórnarfundum, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- Stjórn skal árlega meta störf framkvæmdastjóra og þróun félagsins.
- Framkvæmdastjóri á að stuðla að góðum starfsanda innan samlagsins, góðum starfsháttum og mannauðsstefnu.

Samskipti við stjórnvöld/eigendur samlagsins

- Stjórnarformaður ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við stjórn SSH og við formlegan eigendavettvang SORPU bs.
- Stjórnarmenn eru fulltrúar síns sveitarfélags í stjórn SORPU bs. og bera ábyrgð á að upplýsa stjórnina um sjónarmið síns sveitarfélags.

Árlegt árangursmat stjórnar

- Stjórn skal árlega meta störf sín, verklag og starfshætti. Einnig skal metið hvort mikilvæg málefni samlagsins séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórninni
- Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnar. Stjórn leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og hugi að leiðum til úrbóta.

Þagnar- og trúnaðarskylda

- Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum fyrirtækisins, lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Tenging við aðrar reglur

- Stjórnarmenn skulu ávallt fylgja ákvæðum í sveitarlögum um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna

Breytingar á starfsreglum stjórnar

- Breytingar á starfsreglum þessum skulu gerðar með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðavægis stjórnar.
- Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal undirritað af stjórnarmönnum og varðveitt í fundargerðabók fyrirtækisins.
- Eigendum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum fyrirtækisins skal afhent og kynnt eintak af starfsreglum og samþykktum samlagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 14.10.2016